

**Ed.**

## **742. Frumvarp**

til laga um samþykktir um sölu mjólkur og rjóma í kaupstöðum og kaupþúnum o. fl.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

### **1. gr.**

Í öllum þeim kaupstöðum og kaupþúnum hér á landi, þar sem fram fer sala á mjólk og rjóma frá fullkomnum mjólkurbúum, er viðurkennd hafa verið af atvinnumálaráðherra, skal óheimilt að selja þessar vörur ógerilsneyddar. Undanþegin þessu banni skulu þó fullkomin mjólkurbú, er að dómi atvinnumálaráðherra hafa sérstaka aðstöðu til þess að hreinsa mjólkina á annan hátt og koma henni óskemmdri á markaðinn.

Ákvæði fyrri málsgreinar taka ekki til svonefndrar barnamjólkur né til þeirrar mjólkur, sem framleidd er innan kaupstaðarins eða kaupþúnsins og framleiðandi selur utan mjólkurbúðar beint til neytenda, enda skulu um slíka sölu sett ákvæði í reglugerð, er bæjarstjórn eða hreppsnefnd semur og atvinnumálaráðherra staðfestir, og má þar ákveða sektir til bæjar- eða sveitarsjóðs fyrir brot gegn henni, allt að 500 kr. Brot gegn ákvæðum fyrri málsgreinar varða og sektum til sama sjóðs, allt að jafnhárri upphæð.

### **2. gr.**

Mjólkurframleiðendur á stærri eða minni svæðum, sem selja mjólk og rjóma í kaupstöðum eða kaupþúnum frá viðurkenndum mjólkurbúum, geta gert með sér samþykktir um skipulag sölu á þessum vörum í ákveðnum kaupstöðum eða kaupþúnum.

Slík svæði nefnast sölusvæði, og geta fleiri en einn kaupstaður eða kaupþún verið innan slíks sölusvæðis.

Innan sömu sölusamtaka geta þeir einir, verið, sem hafa aðstöðu til að selja mjólk sína á sama sölustað eða sölustöðum. Þó skulu mjólkurbú innan sömu sölusamtaka ekki vera fjær sölustað en 120 km. og félagar þeirra ekki fjær en 200 km. frá sölustað, miðað við venjulega flutningaleið.

Nú óskar stjórn mjólkurbús eða mjólkurbúa á svæði því, sem samþykkt

er ætlað að ná yfir, að slík samþykkt sé gerð, og skal þá, með nægum fyrirvara, boða til fundar um málið öll mjólkurbú á svæðinu og senda þeim samþykktarfrumvarpið til athugunar, en hvert bú kys sér fulltrúa til þess að fara með atkvæði á fundinum fyrir þess hönd, og hafa fulltrúar hvers bús atkvæðisrétt í hlutfalli við mjólkurmagn þess á síðastliðnu almanaksári. Eigi verður samþykkt gerð nema henni hafi goldið jákvæði fulltrúar, er samtals hafa yfir að ráða að minnsta kosti 75% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna. Nú nær samþykktarfrumvarp tilskildu atkyæðamagni, og skal það þá sent atvinnuáráðherra til staðfestingar ásamt staðfestu eftirriti af fundargerðinni, umboðum fulltrúanna og öðrum skilrikjum. Ef ráðherra þykir samþykktin fara í bága við grundvallarreglur laga eða rétt manna, synjar hann um staðfestingu, endursendir frumvarpið og tilgreinir ástæður fyrir synjaninni. Að öðrum kosti staðfestir hann samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hvenær hún öðlist gildi.

Samþykkt fellur niður með hæfilegum fyrirvara, sem þar skal ákveðinn, ef mjólkurbú eða umboðsmenn mjólkurbúa, sem hafa yfir að ráða að minnsta kosti 35% af samanlögðu mjólkurmagni allra búanna, krefjast þess. En samþykkt verður ekki breytt á annan hátt en til hennar var stofnað.

Í samþykkt má ákveða sektir, allt að 1000 kr., fyrir brot gegn henni, og skulu þær sektir renna í verðjöfnunarsjóð, sbr. 3. gr.

### 3. gr.

Nú er samþykkt gerð samkv. 2. gr., og skal þá stofna verðjöfnunarsjóð fyrir hvert sölusvæði. Í hann skal renna ákveðið gjald af hverjum mjólkurlitra, sem seldur er sem neyzlumjók á sölustað eða sölustöðum samtakanna. Gjald þetta skal ákveðið í samþykktinni og má aldrei vera hærra en 5% af útsöluverði gerilsneyddrar mjólkur. Sama gjald skal og greiða í verðjöfnunarsjóð af barnamjók þeirri, sem seld er frá félagsmönnum í mjólkurbúum þeim, er samþykktin nær til.

Skylt er þeim, er mjók framleiða innan takmarka sölusvæðis, sem samþykkt er gerð fyrir, og selja hana þar beint frá heimilum sínum til neytenda, að greiða sama gjald til verðjöfnunarsjóðs af hverjum mjólkurlitra, sem ákveðið hefir verið í samþykkt, og skal þá miðað við 2500 lítra ársnyt úr hverri kú.

Gjald til verðjöfnunarsjóðs skal greitt í byrjun hvers mánaðar eftir á til gjaldkera sjóðsins, og er lögtakskráft.

### 4. gr.

Verðjöfnunarsjóði skal varið til greiðslu uppbótar á verði seldra mjólkurafurða innan sölusvæðisins til framleiðenda, sem eru í fullkomnum mjólkurbúum og starfa undir skipulagi samkv. 2. gr., eftir nánari ákvæðum samþykktar þeirra, sem þar um getur. Í þeim samþykktum skal og nánar kveðið á um fyrirkomulag og stjórn sjóðsins.

### 5. gr.

Nú er samþykktum komið á samkv. 2. gr., og skal þá skipuð 7 manna nefnd til þess að ákveða útsöluverð mjólkur á samlagssvæðinu og skera úr á-

greiningi, sem rísa kann milli seljenda annarsvegar og bæjarstjórnar eða hreppsnefndar hinsvegar, svo framarlega sem þau mál heyra ekki undir úrskurð dómstólanna. Skulu 2 nefndarmenn kosnir af framleiðendum, þeim er hlut eiga að máli, samkv. nánari ákvæðum, er setja má í samþykkt, 2 af bæjarstjórn eða hreppsnefnd og 3 skipaðir af atvinnumálaráðherra.

6. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum og samþykktum og reglugerðum, sem settar eru samkvæmt þeim, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.